

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2020-2021

Leikskólinn Kópahvoll

Tengsl við námskrá: Áhugavert og fjölbreytt starf sem unnið er í góðum tengslum við nýútgefna skólanámskrá, markmið, stefnu og einkunnarorð, leikur, list, lífsleikni.

Endurmat – umbótaáætlun: Mati á skólastarfinu eru gerð góð skil og umbótarþættir koma vel fram. Upplýsingar um mat barna á skólastarfinu vantar en tekið fram að það sé í vinnslu.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Í Kópahvoli er skólastarfið í stöðugri þróun og þróunarverkefni nýtt til efla skólastarfið enn frekar. Megin áhersla þetta skólaár er að verða Réttindaleikskóli Unicef ásamt að halda áfram að innleiða Uppeldi til ábyrgðar, vinna með Lubba og Vináttuverkefni Barnaheilla, Blæ. Verkefni sem haldið verður áfram að vinna með eru Snemmtæk íhlutun og Þrír stafir.

Endur - og símenntunaráætlun: Áætlun skólans er skýr og tekið fram að starfsfólk geti valið námskeið eftir áhugasviði og ásamt sérhæfðari námskeiðum sem nýtast skólastarfinu vel.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Kópahvoll er einn af þeim leikskólum sem vinnur að því að verða Réttindaleikskóli Unicef og tileinka sér vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi. Lögð er áhersla á að börn njóti alls þess sem þau þurfa til að vera hraust, ánægð, ábyrg og upplýst, að tryggt sé að tekið sé tillit til réttinda barna og stuðlað að jafnrétti. Stefna leikskólans, Uppbygging sjálfsaga- uppeldi til ábyrgðar fellur vel að þessari vinnu. Kortlagning Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er samhliða hafin og lögð áhersla á að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Hver einstaklingur hugsi vel um sjálfan sig, umhverfi sitt og aðra.

Börn: Fjölbreytt og spennandi nám og verkefni sem börnunum stendur til boða. Mikill metnaður til að skapa gott námsumhverfi fyrir börnin og mæta áhuga og þörfum þeirra. Stefnt að því að finna leiðir til að börnin geti metið starfið, tjáð skoðanir sínar á því og umhverfi sínu.

Starfsmenn: Starfsmannastefna Kópahvols er með góða áhersluþætti, góð samskipti og gagnkvæm virðing í öndvegi. Samskiptasáttmáli var gerður og áhersla meðal annars á jákvætt hugarfar, opin skoðanaskipti, metnað í starfi, allir njóta sín í starfi, heiðarleika og sameiginlega ábyrgð á góðum starfsanda.

Foreldrar: Gott samstarf heimilis og leikskóla byggja á gagnkvæmum skilningi, virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi er mikilvægur þáttur til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi. Áherslur í samstarfi við foreldra virka vel, eru fjölbreyttar og góðar.

Annað: Metnaður, áhugi og samvinna foreldra og starfsmanna að hafa öflugt og gott starf í Kópahvoli kemur glöggt fram í starfsáætluninni. Haldið var upp á þann merka áfanga, 50 ára starfsafmæli leikskólans sumar 2020.